

Ed.

267. Frumvarp til laga

[158. mál]

um breyting á iðnaðarlögum, nr. 42/1978.

Flm.: Ólafur Björnsson, Karl Steinar Guðnason.

1. gr.

3. málsgr. 8. gr. laga nr. 42/1978 hljóði svo:

Rétt til iðnaðarstarfa í slíkum iðngreinum hafa meistarar, sveinar og nemendur í iðngreininni. Þá hafa þeir, sem gegnt hafa netamannsstarfi eða hliðstæðu starfi á sjó í 10 ár eða lengur, rétt til að annast viðhald veiðarfæra í landi. Heimilt er sérfélögum sveina og meistarafélagi í sömu iðn að gera sín á milli samning um það, að ráða megi ólært starfsfólk til iðnaðarstarfa undir stjórn lærðs iðnaðarmanns um ákveðinn stuttan tíma í senn, þegar sérstaklega stendur á og brýn þörf er á auknum vinnukrafti í iðninni. Einnig getur hver og einn unnið iðnaðarstörf fyrir sjálfan sig og heimili sitt, enn fremur fyrir opinbera stofnun eða fyrirtæki, sem hann vinnur hjá, ef um minni háttar viðhald á eignum þessara aðila er að ræða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt gildandi lögum varðar það sektum, ef maður, sem árum saman hefur unnið á sjó við viðhald veiðarfæra, stundar sömu atvinnu í landi. Hvorki meistarar né sveinar hafa talið nauðsynlegt að þeir önnuðust þessi störf úti á sjó. Rök fyrir að þeir einir hafi rétt til þeirra í landi fá því ekki staðist.

Þeir, sem lengi hafa verið netamenn, stýrimenn eða skipstjórar á fiskiskipum, hafa yfirleitt langa þjálfun og haldgóða reynslu í viðhaldi veiðarfæra, enda margir eftirsóttir til þeirra starfa þegar þeir koma í land.

Þótt margir stundi nú þessi störf er atvinnuöryggi þeirra ekkert og kærur og hótanir algengar. Með samþykkt þessa frumvarps væri réttur sem þeir svo ræki-lega eiga, nokkurn veginn tryggður.